



Í átt að hringrásarhagkerfinu

Jón Viggó Gunnarsson Framkvæmdastjóri

24. september 2021

Markmið SORPU eru að stuðla að virku hringrásarhagkerfi og auka endurnot, endurvinnslu og endurnýtingu.

Eigendasamkomulag frá 2013 með viðauka frá 2020 setur stefnuna.






GAJA

Betri nýting auðlinda og okkar framlag til að takast á við loftslagsváanna.

Nauðsynlegir innviðir sem endurspeгла skýran pólitískan vilja um að hætta að urða og óvirkja lífrænan úrgang. Og svo eru þetta komið í lög.






Áfsnes urðunarstað lokað 2023

Opinn síðan 1991 – Kjarnastarfssemi SORPU bs.

Endir línulega hagkerfisins



Áskorun að hætta að urða hratt.



Hvað þýðir að hætta að urða í Álfsnesi?



- Útflutningur á brennanlegu efni í stað urðunar – allt að 60.000 tonn á ári.
- Hliðum Álfsnes lokað og móttaka á úrgangi flutt í móttöku- og flokkunarstöð (MTFS) SORPU í Gufunesi.
- Báðar aðgerðir fela í sér kostnaðarauka en breytir endurnýtingahlutfalli SORPU.
- Efni sem fer í MTFS á sér greiðari leið í endurvinnslu eða nýtingu en áður.
- Yfirsýnarhópur að störfum við að greina efnisstrauma í Álfsnes og koma í annan farveg.
- Lífrænn úrgangur er forunninn í Gufunesi og unninn í GAJA. Ekki gengið eins og til var ætlast - sérsöfnun á lífrænu æskileg.
- Leit að nýjum urðunarstað stendur yfir en við þurfum að urða allt að 20.000 tonn af óvirkum úrgangi á ári.

Sorpbrennsla

- Kemur í stað útflutningsleiðarinnar og mun sinna þörf alls landsins.
- Áætluð brennsluþörf 120.000 tonn á ári.
- Samstarfsverkefni sorpsamlaga á SV-landi og umhverfis- og auðlindaráðuneytis með aðkomu sambands íslenskra sveitafélaga.
- Áætlað er að forkönnun ljúki í nóvember.
- Reglulegir fundir verkefnastjórnar um stöðuna og niðurstöður.
- Áætluð fjárfesting upp á 25-30 milljarða.



Samræming og sérsöfnun

- Samræming úrgangssöfnunar og sérsöfnun er gríðarlega mikilvægt verkefni fyrir hringrásarhagkerfið.
- Mun auka magn úrgangs sem getur ratað í rétta endurvinnslufarvegi á kostnað blandaðs úrgangs sem mun verða dýr í vinnslu og förgun eftir að urðun hættir.
- Minnkar magn sem þarf að fara í gegnum móttöku- og flokkunarstöð SORPU bs
- Einfaldar vinnsluferla móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU (MTFS) og lækkar kostnað.
- Sérsafnað lífrænt nauðsynlegt svo að GAJA virki sem skyldi.



Aukin áhersla á endurnot




Góði Hirðirinn er í stöðugri þróun og þarf að stækka verulega til að geta tekið við öllu magninu sem fellur til og hægt er að endurnota.

Húsnæðisþörfin og framtíðarskipan í mótun.

Efnismiðlun Góða Hirðisins á endurvinnslustöðvunum einnig í þróun. Grófara efni og byggingarefni selt þar.


Frumhugmynd að innra skipulagi
endurvinnslustöðvar á
Lambhagavegi 14.



Afurðir hringrásarhagkerfisins



- Metan er áhugaverður kostur í orkuskiptum í iðnaði og samgöngum.
 - Mikill áhugi á að skipta út dísel og próban gasi í iðnaðarferlum.
 - Sömuleiðis áhugi á að nýta metan á stærri ökutæki
 - Hagkvæmni vökvagerðar í skoðun með SGGI (Sviss).
 - Viðskiptaþróun gengur hægt og örugglega.
 - Framleiðslugeta 4 til 5 milljón Nm³ af metani á ári.
- Unnið að uppbyggingu lífdísel framleiðslu úr sláturúrgangi í samstarfi við Ymir Technologies.
 - Gott dæmi um nýsköpunarsamstarf sem gefur af sér nýtanlegar afurðir.
- Áhætta eykst eftir því sem lengra er farið í að fullvinna afurðir úr úrgangi og þarf SORPA að íhuga að draga sig til baka í virðiskeðjunni og frekar stofna til samstarfs við aðila á markaði.



Tækifæri framtíðar

- Stefnumótun umhverfis- og auðlindaráðherra um innleiðingu hringrásarhagkerfisins
- Breytt lög um innleiðingu hringrásarhagkerfisins og söfnun- og meðhöndlun úrgangs. – 15 mánuðir til stefnu.
 - Áhrif á gjaldskrá
 - Aukin framleiðendaábyrgð
 - Markmiðasetning svæðisins og tölfræði
 - Sér söfnun og samræming á landsvísu
- Sameiginleg svæðisáætlun sorpsamlaga á suðvestur horni landins er stefnumarkandi og býður upp samstarf í málaflokknum.



Sterkari SORPA bs.

Áhættustefna uppfærð og áhættuvilji ávarpaður

Ferlar fjármálastjórnunar bættir

Verkefnastjórnun innleidd

Innkaup, útboð og samningar vandaðri

Upplýsingar og mælaborð gert aðgengilegt

Mannauður valdefldur

Fræðslustarf elft

Gæða- og öryggistjórnun endurskilgreind og elfd

Gæði vöru / þjónustu skilgreind og stöðugar umbætur innleiddar

Gjaldskrá gegnsæ og skiljanleg

Gegnsæi og traust aukið

Fyrirsjáanleiki í rekstri

Hlutverk og virði skýrt.

Ávarpa þarf stefnumótunaráhættu samlagsins með eflingu stjórnar og/eða stofnunar stefnuréðs.

